

FRÉTTABRÉF

ÁVARP FORMANNS

Ágæti góðvinur.

Líkt og á síðasta starfsári hefur stjórn Góðvina ásamt starfsmanni leitað leiða til að efla starfsemi samtakanna og gera þau að virkari þátttakanda í háskólasamfélaginu okkar. Sú vinna mun halda áfram og vonumst við til þess að finna leiðir bæði til þess að gera samtökin sýnilegri og virkari.

Líkt og verið hefur munu allir nemendur sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri gerast sjálfkrafa meðlimir í samtökunum. Í fyrra tók stjórn Góðvina þá ákvörðun að aðalfundi að breyta fyrirkomulagi á greiðslu nýútskrifaðra kandídata. Til þessa hefur brautskráðum nemendum ekki verið gert að greiða félagsgjöld fyrr en tveimur árum eftir brautskráningu. Þessu fyrirkomulagi hefur nú verið breytt þannig að brautskráðum nemendum berast greiðsluseðlar strax ári eftir brautskráningu. Þessi breyting er fyrst og fremst gerð til þess að auðvelda starfsmanni utanumhald en auðvitað vonumst við einnig eftir því að þetta verði til þess að fjölga félögum enn meir og að auka megi virkni nýbrautskráðra kandídata.

Á þessu ári fagnar Háskólinn á Akureyri 25 ára afmæli sínu. Í tilefni af afmælinu gáfu Góðvinir háskólanum nýjar skikkjur sem rektor og forsetar fræðasviða bera við árlega brautskráningu skólans. Skikkjurnar eru svartar að lit en hver þeirra ber litaðan borða. Borðarnir á skikkjum fræðasviðanna eru hver um sig í lit viðkomandi sviðs, en borðinn á skikkju rektors er vínráður sem er litur Háskólans á Akureyri. Við brautskráninguna nú í júní klæddust þau nýju skikkjunum af myndugleika og ég tel að um afar þarfa og góða gjöf sé að ræða frá okkur Góðvinum háskólans.

Góðvinir höfðu nú sem fyrr aðkomu að brautskráningu nemenda í júní. Saman buðu Góðvinir og Háskólinn á Akureyri til kaffisamsætis og hátíðardagskrár að lokinni fornlegri brautskráningu. Líkt og í fyrra fór aðsóknin fram úr okkar björtustu vonum og vil ég fyrir hönd Góðvina þakka öllum þeim sem komu og nutu veitinga og dagskrár með okkur og vonast ég til þess að sjá ykkur sem flest í tengslum við háskólahátíðina á komandi árum.

Það er mjög gleðilegt að fylgjast með þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á háskólasvæðinu á Sólborg og þeim jákvæðu áhrifum sem nemendur og starfsfólk háskólans hafa haft á bæjarbrag Akureyrar. Breytingarnar hafa verið miklar og uppbyggingin glæsileg en það er brýnt að ekki sé slakað á í faglegum kröfum þó uppbyggingin sé hröð og skemmtileg. Það er og verður besta auglýsingin fyrir hvern háskóla að bjóða upp á gott nám sem gerir miklar kröfur til nemenda á uppbyggilegan hátt

og hvetur til frekari þekkingarleitar. Útskrifaðir nemendur skólans eru vitnisburður um gæði hans og getum við borið hróður hans áfram.

Ég þakka stjórn Góðvina og starfsmanni samtakanna gott samstarf á árinu og vona að saman náum við ásamt félagsfólki að efla Góðvini og háskólasamfélagið á Akureyri.

Andrea Hjálmsdóttir,
formaður Góðvina HA



FRÉTTIR AF GÓÐVINUM

Síðasti aðalfundur Góðvina var haldinn 17. nóvember árið 2011. Þá voru kjörin í stjórn þau Andrea Hjálmsdóttir, formaður, Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi og Eyrún Elva Marinósdóttir, meðstjórnandi. Fyrir hönd háskólans sat Steinunn Aðalbjarnardóttir, gjaldkeri og fyrir hönd nemenda Kristín Baldvinsdóttir.

Stjórnin hittist nokkrum sinnum á þeim tíma sem hún starfaði og hennar stærsta verkefni var gjöf vegna 25 ára afmælis Háskólans á Akureyri á árinu 2012. Ákveðið var að Góðvinir myndu gefa nýjar brautskráningarskikkjur fyrir rektor og forseta fræðasviða að nota við brautskráningu. Skikkjurnar voru hannaðar og saumaðar af Eðalklæðum og þykja vel heppnaðar. Skikkjur fræðasviðsforseta eru skreyttar með lit hvers fræðasviðs og skikkja rektors er skreytt með lit háskólans.

Að lokinni brautskráningu 9. júní 2012 efndu háskólinn og Góðvinir sameiginlega til móttöku og endurfunda að lokinni brautskráningu. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og mættu fjölmargir eldri nemendur í veisluna auk þess sem nýbrautskráðir kandídatar fjölmenntu ásamt fjölskyldum sínum.

FRAMUNDAN HJÁ GÓÐVINUM 2012

Aðalfundur Góðvina verður 29. júní 2012.

Fundurinn verður haldinn í stofu N201 á Sólborg kl. 15:00-16:00. Hvetjum alla til þess að mæta en á fundinum verða venjuleg aðalfundastörf. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í þágu samtakanna eru hvattir til að mæta á fundinn.

„ÞETTA HELST“ HJÁ HA VETURINN 2011/2012



Nansen í HA

Í tilefni af nýrri prófessorsstöðu í norðurslóðafræðum sem komið verður á fót við háskólann gaf norska sendiráðið háskólanum yfirlitssýningu um líf og störf heimskautafarans, mannvinarins og vísindamannsins Friðbjófs Nansen. Prófessorsstaðan verður kennd við sama mann og

hefur þegar verið auglýst eftir umsóknum um hana. Sýningin um Nansen hékk upp í háskólanum í október og var fyrsta sýningin sem sett var upp í Miðborg, anddyri HA.



Fyrsti desember

Margt var um manninn í húsakynnum Háskólans á Akureyri fullveldisdaginn 1. desember. Viðamikil dagskrá var í boði og hófst hún á málþingi tileinkuðu stjórnlagaráðinu og nýrri stjórnarskrá. Íslandsklukkan var hringt 11 sinnum en það var Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra og fulltrúi í háskólaráði sem hringdi klukkunni. Stúdentar við háskólann báru kyndla og barnakór Giljaskóla söng inn jólamánuðinn. Á bókasafni háskólans var opnuð sýning á málverkum í eigu Háskólans á Akureyri eftir listamannahjónin Karen Agnete Þórarinsson og Svein Þórarinsson.



Afmælisárið

Á árinu 2012 fagnar Háskólinn á Akureyri 25 ára starfsafmæli sínu og nú þegar hafa farið fram fjölmargir viðburðir til að fagna afmælinu. Í upphafi árs var ýtt úr vör ljósmyndasamkeppni sem mun standa til 15. nóvember nk. og ber yfirskriftina Líf og störf fólks í Háskólanum á Akureyri. Nýr afmælisvefur var opnaður en þar er að finna allar upplýsingar um dagskrárlíði og viðburði afmælisársins auk ljósmynda í fórum háskólans. Slóðin á vefinn er www.unak.is/afmælisvefur. Enn fremur er unnið að útgáfu sögulegs afmælisrits og er það Bragi Guðmundsson, prófessor við kennaradeild sem ritstýrir. Þann 2. september verða síðan aðal hátíðarhöldin en þá mun háskólinn bjóða gestum og gangandi til afmælisveislu.



Páll Björnsson hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin

Páll Björnsson, dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir árið 2011 í flokki fræðibóka og rita almenns efnis, fyrir bók sína Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar. Það er Sögufélagið sem gaf bókina út.

BAKHJARLAR GÓÐVINA



Eyktarklukkan frá Góðvinum og FSHA í Miðborg

Klukkan sem prýðir Miðborg er gjöf frá FSHA og Góðvinum HA og var afhent við hátíðlega athöfn við vígslu nýbyggingarinnar 28. ágúst 2010. Klukkuverkið hefur verið uppi um þó nokkurn tíma en þann 1. janúar 2012 var lögð lokahönd á

uppsetningu klukkunnar þegar umgjörðin var kláruð. Klukkan sýnir heiti eykta, gamals tímatalts sem horfið hefur að mestu úr daglegu máli.



Móttaka á Háskólahátíð

Að brautskráningu lokinni í Íþróttahöllinni buðu Háskólinn á Akureyri og Góðvinir HA til móttöku í hátíðarsal háskólans á Sólborg. Þar tók Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra skóflustungu að V. áfanga bygginga við Sólborg og það er gaman að geta þess að

þetta var fyrsta skóflustunga Katrínar Jakobsdóttur í embætti sem ráðherra. Heiðrún Jóhannsdóttir flutti erindi fyrir hönd 10 ára afmælisárgangs leik- og grunnskólakennara og afhenti Háskólanum á Akureyri peningagjöf í tilefni dagsins. Þá veittu forseti Íslands og stjórnarformaður KEA styrki úr Háskólasjóði KEA.



HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA

Hefð hefur skapast fyrir því að Góðvinir heiðri nemendur fyrir gott starf í þágu háskólans við brautskráningu. Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda nemendur við brautskráningu 9. júní 2012 fyrir óeigin-gjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

Heilbrigðisvísindasvið: María Einarsdóttir

Hug- og félagsvísindasvið: Kolbrún Eva Ríkhardsdóttir

Viðskipta- og raunvísindasvið: Valdemar Pálsson

HEIMASÍÐA GÓÐVINA

Heimasíða Góðvina er hluti af heimasíðu Háskólans á Akureyri. Slóðin er www.godvinir.is. Þar er mögulegt að ganga til liðs við samtökin, skoða fréttir af starfsemi samtakanna og myndir frá atburðum. Brautskráðir nemendur sem ekki eru félagar í Góðvinum eru hvattir til að skrá sig og styðja þannig við bakið á gamla háskólanum sínum. Þið finnið Góðvini einnig á Facebook!

GREIÐSLUSEÐLAR

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjald í Góðvini verða sendir út í júlí 2012. Upphæðin verður ákveðin á aðalfundi. Sent verður út á stóran hóp að þessu sinni en svo virðist sem greiðsluseðlar síðasta árs hafi verið eitthvað gallaðir. Þess vegna verða aftur sendir seðlar á þá sem brautskráðust 2008 - 2010, þá verður sent í fyrsta skipti til þeirra sem brautskráðust vorið 2011 og vorið 2012. Um er að ræða valkröfu sem birtist í heimabanka hjá félagsmedlimum. Þeir sem kjósa að greiða ekki félagsgjaldið hafa þar með sagt sig úr félaginu. Fyrir nánari upplýsingar má hafa samband á netfangið dagmar@unak.is.